

Skrifstofa umhverfis og skipulags
Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 28. febrúar 2022

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við leit, rannsóknum og vinnslu kolvetnis í efnahagslögsögunni – mál nr. 37/2022 í samráðsgátt

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun telur fyrirhugað frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við leit, rannsókn og vinnslu kolvetnis (olíu) í efnahagslögsögunni mikilvægt skref til þess að stuðla að kolefnishlutleysi Íslands en ein af stefnuáherslum stofnunarinnar er að stuðla að vistvænni byggð sem og sjálfbærri og grænni mannvirkjagerð.

Samkvæmt umfjöllun um fyrirhugað frumvarp á samráðsgátt er því ætlað að framfylgja þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að engin leyfi verði gefin út til olíuleitar í efnahagslögsögu Íslands. Því er lagt til að óheimilt verði gefa út slík leyfi, og því sé lagt til að felld verði brott lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis nr. 13/2001. Ennfremur séu í frumvarpinu gerðar tillögur um breytingar á öðrum lögum sem vísa til fyrrgreindrar vinnslu kolvetnis.

Eitt af hlutverkum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er að gefa út byggingarleyfi og annast eftirlit með mannvirkjagerð á hafi utan sveitarfélagamarka skv. 9. töluliðar 1. mgr. 5. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Stofnunin skal einnig annast eldvarnaeftirlit vegna mannvirkja innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka sem eru fyrirhuguð eða tilkomin vegna rannsókna og vinnslu vetniskola skv. 16. tölulið sömu greinar. Þá skal Húsnæðis- og mannvirkjastofnun staðfesta öryggismat slíkra mannvirkja og annast framkvæmd eldvarnaeftirlits þeirra skv. 13. gr. a. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

Í 7. gr. draga frumvarpsins er lagt til að 13. gr. a. laga um brunavarnir falli brott. Með hliðsjón af fyrrgreindu markmiði fyrirhugaðs frumvarps um brottfall laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis nr. 13/2001 og ákvæða annarra laga tengdum því, telur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun rétt að ákvæði 16. töluliðar 1. mgr. 5. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 verði einnig felld brott með sömu lögum

Virðingarfyllt
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar,



Ásta Sóley Sigurðardóttir,
lögfræðingur